

8. bekkur danska námsáætlun 2018-19

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Efla hæfni í dönsku, æfa lestur, talað mál, samskipti og ritun

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Lesbækur og vinnubækur smart og tak, efni af vef. t.d. lige i lommen, duolingo.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

vinnubækur, kynningar, veggspjöld, samtalsæfingar, spil o. fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

kynningar, kaflapróf, samtal og ritanir

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

2017 Fjalla danska 8. bekkur - Náms hæfni

- Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.

- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.